

Aðalfundur LSG 06.06.2001

Skýrsla stjórnar fyrir tímabilið 26.05.99 – 06.06.01.

Á þessu tímabili voru haldnir 4 stjórnarfundir og 4 fundir í Hornstrandaneftnd. Í maí árið 2000 var sent út fréttabréf til félagsmanna með m.a. fréttum frá aðalfundinum 26. maí 1999, hvatning til félagsmanna um að skrá eignir á núlfandi folk, frétt um minnismerki um skólahúsið á Látrum, sem sett var upp á lóð skólans í júlí 1999 á 100 ára afmæli skólans og upplýsingar um væntanlegar ferðir til friðlandsins sumarið 2000.

Helstu málefni sem fjallað hefur verið um á þessu tímabili eru:

1. Samkomulag varðandi byggingarleyfi í friðlandinu á Hornströndum.

Þetta er mikilvægasta málið sem fjallað hefur verið um á þessu tímabili. Eftir að Sléttuhreppur var sameinaður Ísafjarðarkaupstað um áramótin 1995/96 (Lögin 14.12.95, Stjórnartíðindi 20.01.96) var nauðsynlegt að gefnar yrðu út reglur um byggingarmál í friðlandinu.

Eftir sameininguna gaf Náttúruvernd ríkisins eftir 2 af 3 sætum sínum í Hornstrandaneftnd til Ísafjarðarbæjar og við það varð hún kjörinn vettvangur til þess að fjalla um þessi mál.

Á fundi í Hornstrandaneftnd 29.02.00 var ákveðið að Náttúruvernd gerði drög að samkomulaginu og voru þau send til allra fundarmanna í tölvupósti 29.03.00.

Á fundi í Hornstrandaneftnd 09.05.00 voru dröginn rædd og þeim breytt samkvæmt samþykktum fundarins. Fulltrúar Ísafjarðarbæjar á þessum fundi voru Andri Árnason, bæjarlögmaður og Ármann Jóhannesson, bæjarverkfr.

Samkomulagið var endanlega samþykkt af Hornstrandaneftnd 04.04.01 og sent sem tillaga til Náttúruverndar. Þessar reglur verða undirritaðar af bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, forstjóra Náttúruverndar ríkisins og formanni

Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurhrepps. Óundirritað eintak liggur hér frammi fyrir þá félagsmenn sem óska eftir að kynna sér þær.

Á síðasta fundinum var mest rætt um það atriði að með umsókn um byggingarleyfi fyrir nýbyggingar skuli fylgja þinglýsingarvottorð um staðfestan eignarhlut í jörd sem nemur minnst $\frac{1}{2}$ hundraði að fornu mati. Fulltrúar Ísafjarðarbæjar vildu fella þessa grein niður, en að samkomulagi varð að fella lágmarksstærð eignarhlutans niður.

2. Reglur um akstur vélknúinna farartækja í friðlandinu á Hornströndum

Reglurnar undirritaðar af Árna Bragasyni, forstjóra Náttúruverndar ríkissins fylgdu fundarboði fyrir þennan aðalfund LSG.

Samkvæmt 2. gr. Auglýsingarinnar um friðlandið á Hornströndum nr. 332/1985 getur Náttúruverndarráð, númer Náttúruvernd ríkisins, veitt leyfi fyrir umferð vélknúinna farartækja utan vaga og merktra slóða.

Margar óskir um slíkan akstur hafa borist og get ég sem dæmi nefnt ósk Halldóru Sölvadóttur, Stakkadal frá júlí 1989, sem var afgreidd með skilyrtu leyfi í janúar 1991. Í júní 1999 barst ósk frá Gunnari Bæringssyn, Sæbóli, sem enn hefur ekki hlotið afgreiðslu vegna biðar eftir þessum reglum.

Í 9. gr. reglanna segir að umsókn skuli hafa borist Náttúruvernd ríkisins fyrir 1. maí, en að þessu sinni er þessi frestur fram lengdur til 1. júlí með tilsvarandi seinkun í 10. gr. til júlí mánaðar. Með þessum reglum er komið í veg fyrir mismunun milli landeigenda á leyfisveitingum fyrir notkun vélknúinna ökutækja.

3. Tillögur að breytingum á lögum LSG

Á síðasta aðalfundi var samþykkt tillaga frá Jóni Frey Þórarinssyni um að skipa nefnd til þess að endurskoða lög LSG. Á aðalfundinum voru Jón Freyr Þórarinsson, Þorvarður Jónsson, Erling Ásgeirsson, Magnús Reynir Guðmundsson og Þórunn Vernharðsdóttir valin í nefndina. Þorvarður, Erling, Magnús Reynir og Matthildur Guðmundsdóttir sömdu þá tillögu að lagabreytingu, sem send var út með aðalfundarboðinu og verður fjallað um hana undir dagskrálið 3. Helstu breytingatillögur eru að stækka landsvæðið sem félagið nær til frá friðlysta svæðinu á Hornströndum til Sléttu- og alls Grunnavíkurhrepps, þeas einnig þess hluta Grunnavíkurhrepps, sem liggur sunnan Skorarheiðar, að aðalfundur verði haldinn í maí á hverju ári í stað annað hvert ár, að varformaður með aðsetur á Ísafirði verði kosinn sérstaklega á sama hátt og formaður og að hann stjórnar starfsemi félagsins á Ísafjarðarsvæðinu. Einnig er lagt til að atkvædagreiðslu um hagsmunamál landeigenda, sem byggð er á eignarhlutum, verði lögð niður og að í öllum málum beri sérhver félagi LSG á fundi eitt atkvæði og að einfaldur meirihluti ráði úrslitum nema við lagabreytingu.

4. Bygging gistiskála í Bolungarvík á Ströndum, Hornstrandarfriðlandi

Vilmundur Reimarsson átti hús í Bolungarvík, sem fauk í ofsaveðri 1991. Árið 1997 reisti Vilmundur hús á öðrum stað í Bolungarvík í stað hússins sem fauk. Þetta hús var reist án heimildar frá Náttúruvernd ríkisins, sem skrifanda Vilmundi kvörtunarbréf 7. júlí 1997.

Þann 31. janúar 2000 sækir Vilmundur um heimild til Náttúruverndar og fl. um stækkun á húsinu og að nýta það sem gistiskála. Í svari Sýslumannsins á Ísafirði kom fram að afstaða til gistiskálaleyfis yrði tekin eftir að upplýsingar um byggingarleyfi lægju fyrir frá Ísafjarðarbæ og Náttúruvernd ríkisins.

Um mánaðarmótin febrúar-mars 2000 kom jákvætt svar frá Ísafjarðarbæ, en Náttúruvernd bað Vilmund um viðbótarupplýsingar fyrir fund í Hornstrandarnefnd 21. mars 2000. Þær viðbótarupplýsingar sem beðið var um voru veðbókarvottorð um landseign upp á minnst $\frac{1}{2}$ hundrað að fornu mati, samþykki annara landseigenda í Bolungarvík og afstöðumynd.

Í byrjun maí 2000 heimilaði Náttúruvernd ríkisins stækkunina með ýmsun skilyrðum, sem samþykkt voru á fundi í Hornstrandarnefnd 29. mars 2000. Hornstrandanefnd tók fram að hún teldi afgreiðslu á stækkunarbeiðninni vera neyðarafgreiðslu vegna þess að upprunalega húsið hafi verið reist 1997 án heimildar og að þessi afgreiðsla sé ekki fordæmisgefandi.

Hið nýja samkomulag varðandi byggingarleyfi ætti að auðvelda alla vinnu við leyfisumsóknir og leyfisveitingar í framtíðinni.

5. Skýrslur landvarða fyrir sumarið 1999

Fjallað var um skýrslur landvarða fyrir sumarið 1999 á fundi í Hornstrandaneftnd 9. maí 2000, en þeim var dreift á fundi í nefndinni 29. febrúar 2000.

Að þessu sinni voru landverðirnir þrír Guðjón Ó. Magnússon, Jón Hjaltalín Ólafsson og Ólafur P. Jónsson. Guðjón og Jón Hjaltalín kynntu skýrslur sínar, en Ólafur boðaði forföll.

Landverðirnir skiptu með sér svæðinu þannig að Guðjón sá um Hesteyri og Jökulfirðina, Jón Hjaltalín sá um Aðalvík og Fljótavík og Ólafur með bústað í vitavarðarhúsini í Látravík við Horn sá um Hlöðuvík, Hornvík og svæðið suður af vitanum allt að Furufirði.

Guðjón rökstyður í sinni skýrslu eins og áður breytingu á friðlandinu í þjóðgarð til þess m.a. að fá betra eftirlit og bætt viðhorf ferðamanna til landsins.

Telur hann upp margt sem miður fer á svæðinu án þess að neitt sé gert jafnvél þótt sökudólgar séu bekktir. Nefnir hann m.a. umferð torfæruejepa og vélsleða, bygging og sala neyðarskýla og sumarhúsa án heimildar landeigenda og Náttúruverndar ríkisins, umferð hesta um svæðið án leyfis, torfærakstur fjórhjóla og mótorhjóla, innbrot i sumarbústaði, stórdráp á refum þrátt fyrir friðun, meðferð skotvopna á ferðatíma og umferð um svæðið að vori til án leyfis.

Húsin á Straumnesfjalli eru orðin hættuleg og þyrfti því að fella þau og hreinsa svæðið almennilega. Rusl eftir ameríkska herinn, sem hefur verið grafið á Látrum er að koma upp úr sandinum aftur.

Setja þarf upp nýja kamra á Látrum og í Hornvík.

Skýrslur fyrir sumarið 2000 eru ókomnar ennþá. Landverðir sumurin 2000 og 2001 eru Jón Björnsson, forstöðumaður Félagsmiðstöðvar Ísafjarðarbæjar og Ólafur P. Jónsson, fyrrverandi vitavörður á Horni.

6. Endurheimt á útræðisrétti jarða í fyrrum Sléttu-og Grunnavíkurhreppi

Björn Erlendsson frá Austfjörðum hafði samband við Matthildi Guðmundsdóttur í desember s.l. um það hvort Landeigendafélag Sléttu-og Grunnavíkurhrepps vildi vera með í athugun um að endurheimta fornan útræðisrétt jarða á Hornströndum.

Árni Snæbjörnsson, hlunnindaráðunautur Bændasamtaka Íslands skrifaði stórar greinar um þetta efni í Bændablaðið 11.11.97 "Sjávarnytjar jarða" og 02.02.99 "Útræði – forn réttur sjávarjarða til fjölpætra veiða í sjó".

Í síðari grein sinni víesar Árni í ritgerð Sigurðar Líndals, professors í afmælisriti Davíðs Oddssonar til stuðning þess að útræðisréttur sjávarjarða sé forn eignarréttur verndaður af stjórnarskránni, sem ný fiskiveiðilög hafi ekki afnumið og að hann glatist ekki þótt hann hafi ekki verið nýttur í einhvern tíma.

Björn sendi Matthildi umsóknarbréf til "Nefndar um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða", sem hægt er að setja inn í nafn umsækjanda og heiti sjávarjarðarinnar ásamt ýmsum öðrum bréfum um þetta málefni.

Í þessum gögnum er oft vísað bókina "Handbók um hlunnindajarðir á Íslandi" eftir Lárus Ágúst Gíslason. Á bls. 111 til 113 í bókinni er fjallað um hlunnindi jarða í Grunnavíkur- og Sléttuhreppi og eru þar taldir vera 42 jarðir með útræðishlunnindi. Jarðir með önnur hlunnindi eins og reka, æðarvarp, selveiði, lax, silungur, hrognkelsi, fuglatekja, eggjatekja, skógar, jarðhiti, malartekja og hellar eru miklu færri eða alls ekki á þessu svæði.

7. Vinnuferðir á Hornstrandir sumarið 2000

Eins og undanfarin sumur voru farnar vinnuferðir styrktar af Náttúruvernd ríkisins til friðlandsins á Hornströndum. Styrkur Náttúruverndar nam kr. 100.000 og til viðbótar komu ýmis framlög frá velunnumrumer verksins. Stærsta ferðin var ferð unglingsahóps 21. – 27. júní undir stjórn Jóns Björnssonar, forstöðumanns Félagsmiðstöðvar Ísafjarðarbæjar, en hann er annar af landvörðum Náttúruverndar ríkisins fyrir friðlandið sumarið 2000 og einnig fyrir þetta summar. Grjót og drasl var hreinsað af tjaldstæðum og göngubrautum, kamrar þrifnir og færðir á Sæbóli, Látrum, Fljótavík, Hlöðuvík, Hornvík og í Veiðileysufirði. Ásthildur Cesil Þórðardóttir, garðyrkjustjóri Ísafjarðarbæjar sá um aðrar hreinsunarferðir og hafði umsjón með þessu eins og undanfarin ár.

8. Sögulegt yfirlit fyrir LSG

- a. Náttúruverndaráð samþykkti að vinna að stofnun friðlands á Hornströndum 30. janúar 1973 og tillage þess efnis var send til ymissa aðila og stofnana 2. febrúar 1973.
- b. Til þess að gæta hagsmuna landeigenda við friðlýsinguna var Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps, LSG, stofnað 10. mars 1973. Í stjórn voru kosnir Guðni Jónsson, formaður, Sigurjón Hilaríusson, ritari, Þorvarður Jónsson, gjaldkeri, Arnór Stígsson og Magnús Guðmundsson, meðstjórnendur. Magnús Reynir Guðmundsson var kosinn sem einn af varamönnum í stjórn.
- c. "Auglýsing um friðland á Hornströndum" nr. 366/1975 var send út af Vilhjálmi Hjálmarssyni, menntamálaráðherra 27. febrúar 1975.
- d. 1. aðalfundur LSG, sem má segja að hafi endurvakið landeigendafélagið og breytt lögum þess var haldinn 7. maí 1983. Í stjórn voru kosnir Þorvarður Jónsson, formaður, Hans Hilaríusson, ritari, Magnús Guðmundsson, gjaldkeri, Arnór Stígsson og Magnús Reynir Guðmundsson meðstjórnendur.
- e. Ný "Auglýsing um um friðland á Hornströndum" nr. 332/1985 var send út af Ragnhildi Helgadóttur, menntamálaráðherra 13. ágúst 1985 og er hún enn í gildi.
- f. Sléttuhreppur var sameinaður Ísafjarðarkaupstað með sérstökum lögum nr. 131/1995 frá 14. desember 1995
- g. "Stefnumörkun í skipulags- og byggingarmálum í fyrrum Sléttu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppi 1995 – 2015" var samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 13. ágúst 1997 og Skipulagsstjórn ríkisins 17. desember 1997.
- h. "Samkomulag varðandi bygginaleyfi í friðlandinu á Hornströndum" samþykkt af Náttúruvernd ríkisins, Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar og stjórn Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurhrepps í apríl – júní 2001

2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
Erling Ásgeirsson kynnti reikninga félagssins.

Rekstursreikningur 1.1.1999 til 31.12.2000

	Gjöld	Tekjur
Félagsgjöld		230.000,-
Vaxtatekjur		10.496,-
Þjónustugjöld v/ tékkareiknings	3.150,-	
Fjármagnstekjuskattur	1.007,-	
Kostnaður v/ fundarstarfsemi	28.279,-	
Ferðakostnaður til Ísafjarðar	128.640,-	
Útgáfukostnaður	22.661,-	
Tekjuafgangur	56.759,-	


	240.496,-	240.496,-

Efnahagsreikningur 31.12.2000

	Eignir	Skuldir
Tékkareikningur LÍ Kópavogi	4.874,-	
Kjörbók LÍ Kópavogi	86.470,-	
Ógreidd félagsgjöld	240.224,-	
Skuld við Erling Ásgeirsson		12.280,-
Höfuðstóll		262.529,-
Rekstrarafgangur		56.759,-

	331.568,-	331.568,-

Reykjavík 6. júní 2001.

Erling Ásgeirsson


Við höfum athugað reikningana og
gerum ekki athugasemdir.

*Cum a Resginsdóttir
for Borgarssos*

3. Lagabreytingar.

Hver grein var sérstaklega tekin fyrir. Fjörugar umræður sköpuðust um hinár ýmsu breytingatillögur sem síðan voru samþykktar samhljóða nema 13. grein sem samþykkt var með 12 atkvæðum á gegn 8.

Tillögur að breytingum á neðanskráðum lagagreinum fyrir Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps.

1. gr.

Félagið heitir Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps.
Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Félagsmenn geta þeir orðið, sem eiga réttindi yfir fasteignum i fyrrum Sléttu- og Grunnavíkurhreppi, það er jörðum, einstökum lóðum og húsum.

3. gr. og 4. gr. óbreyttar.

5. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok mai mánaðar ár hvert og skal dagskrá vera þessi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar.
3. Stjórnarkjör.
4. Kjörl tveggja endurskoðenda til 2ja ára í senn og tveggja til vara.
5. *Tekin ákvörðun um árgjald félagsins.*
6. Önnur mál.

6. gr. óbreytt.

7. gr.

Félagsstjórn kveður til félagsfunda a.m.k. 2 vikum fyrir fund með bréfi, og skal jafnan geta dagskrár í fundarboði. *Einnig skal hín auglýsa aðalfund í hljóðvarpi og dagblaði tveimur dögum fyrir fund.*

8. gr. óbreytt.

9. gr.

Í öllum málum hefur hver félagsmaður eitt atkvæði og ræður einfaldur meirihluti úrslitum, nema um lagabreytingar, sbr. 10. grein..

10. gr. óbreytt.

11. gr.

Ef félagsmaður vill fá tilkynningar og kvaðningar, er félagsstjórn sendir frá sér, þá skal hann tilkynna félagsstjórn heimilisfang sitt.

12. gr. óbreytt.

13. gr.

Félagsstjórn skal skipuð 5 félögum og 3 til vara, og skal hún kosin á aðalfundi til 2ja ára í senn. *Að öðru jöfnu skulu 3 stjórnarmenn, formaður, gjaldkeri og ritari hafa búsetu á höfuðborgarsvæðinu, en varaformaður og meðstjórnandi á Ísafjarðarsvæðinu. Fórmáður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Stjórnin ræður sjálf fundarstað sínum.*

Stjórnin ræður félagsmáulum milli funda og skuldbindur félagið fyrir þess hönd.

Formáður kveður með hæfilegum fyrirvara til stjórnarfundar, er hann telur þess þörf, svo og eftir kröfum eins stjórnanda.

Stjórnarmanni er ekki skyldt að taka við endurkjöri í stjórn.

14. gr.

Stjórnin skal semja nákvæma skrá um félaga.

4. Stjórnarkjör.

Þorvarður Jónsson formaður gaf ekki kost á sér til endurkjörs, en stjórnin kynnti eftirfarandi tillögur um nýja stjórn .

Erling Ásgeirsson formaður

Magnús Reynir Guðmundsson varaformaður

Guðr Ólafsdóttir Benediktsdóttir meðstjórnandi.

Matthildur Guðmundsdóttir og Sölvi Rúnar Sólbergsson gáfu kost á sér til endurkjörs. Ekkert mótframboð barst og voru tillögur stjórnar samþykktar með lófataki.

Varamenn voru Guðmundur Halldórsson, Jósef H. Vernharðsson og Ásta Ólafsdóttir. Ásta gaf ekki kost á sér til endurkjörs, en í hennar stað var kosin Sigr Ólafsdóttir Gunnarsdóttir. Guðmundur og Jósef voru endurkosnir.

5. Kjör endurskoðenda.

Endurskoðendur voru Axel Sölvason og Rósa I. Jónsdóttir og varamenn Jón Borgarsson og Anna Ásgeirs dóttir. Axel og Rósa gáfu ekki kost á sér til endurkjörs svo í þeirra stað voru kosin Ingibjörg Ásgeirs dóttir og Kristján Guðmundsson. Varamenn voru endurkosnir.

Að loknu stjórnarkjöri kvaddi nýkjörinn formaður sér hljóðs og þakkaði fráfarandi formanni Þorvarði Jónssyni fyrir mikil og góð störf í þágu félagsins í tugi ára og færði honum blóm í þakklætisskyni.

6. Ákvörðun um árgjald.

Ákveðið var að árgjald yrði kr. 1000.- eins og verið hefur síðastliðin tvö ár.

7. Önnur mál.

- Stungið var upp á að félagsmenn sendu inn netföng sín og fundarmenn skráðu strax netföng sín á nafnalista.
- Ingvar A. Sigurðsson frá Náttúruvernd áréttáði um akstursreglur og byggingaleyfi.
- Ásta Ólafsdóttir benti á að vekja þyrfti athygli ferðamanna á hættum við að fara yfir ósana við Kleifina og ofan við eða niður í Posavog.
- Ragnar Þorbergsson ræddi nauðsyn þess að kamrar væru nægilega margir og í lagi.
- Sveinn Guðmundsson óskaði eftir vatnssalernum.
- Matthildur Guðmundsdóttir þakkaði fráfarandi formanni fyrir samstarfið og störf í þágu félagsins, óskaði nýja formanninum til hamingu með embættið og bauð Guðríði velkomna í stjórnina.

Fundi slitið.

Matthildur Guðmundsdóttir

Matthildur Guðmundsdóttir fundarritari.

- *Með fylgjandi eru fylgisljóð sem dreift var á fundinum.*

Adalfundur LSG 6. júní 2001

Jósta Ólafsdóttir

Sigríður Gunnarsdóttir SIGRIDGU@
simnet.is.

Margrét Sigríður Þóradóttir r67@mmedia.is

Jóhannes P. Jónasson

Guðbjörg Þ. Hennamóðer

Erla Guðrún Jónasson

Magnús Guðmundsson

Steinn Guðmundsson.

Sigríður Adalskáinsdóttir

Magnús Þ. Tiedemann

Jón Þorfinnur Jónasson jontrey@ismennt.is

Jóhanna Jónasson thorolfur@rvk.is

Kristján Guðmundsson

Hans Gílariússon

P. Rösa Þórmanns dóttir

Þóra Valdimarsdóttir maturoglyf@simnet.is

Bjargey Þórmundsdóttir bjargei@centrum.is
Macarena I. (Cerebrosoft).

Bethel Þórhelsson,

Gundarsur H. Benediktsd. Rubbis@isl.is.

Ánnu Þórgísláldóttir.

Gísli Þórhallsson bardor@icelandia.is
for Borgarsvors
Ljósmyndarstofu.

Augusti Ólafsson

Ragnar Þ. Þorbergsson.

Ólveinn Þórir Þórmasson.

Gunnlaugur Ásgeirsson gask@simnet.is

(AXEL Sölvesson Lagnatak@)

Ingvor A. Sigrún Ósk Óskarsdóttir Ingvor@natturuveind.is

Sigurður Ólafsson grundol31@mi.is

Erhild Þóra Ólafsdóttir erhild@nytegi.is

Mattildur Guðmundsson mgg@rvk.is